

Til: Sveitarstjórnar Dalabyggðar

Ég undirrituð skora hér með á sveitarstjórn að hætta við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar þar sem lagt er til að breyta hluta af tveimur landbúnaðarjörðum í iðnaðarsvæði svo þar megi byggja gríðarstórar vindorkuvirkjanir.

Það er ljóst að töluverð andstaða er í sveitarfélaginu við fyrirhugaðar framkvæmdir. Annað þessara verkefna er mjög nálægt byggð og bæði eru þau staðsett á helstu vatnaveiðisvæðum sýslunnar auk þess sem nálægt þeirra við Fáskrúð og Laxá er áberandi. Virkjanir sem þessar munu einnig sjást úr tuga kílómetra fjarlægð og verða einkennandi fyrir landslag sveitarinnar, auk þess sem þessar tvær virkjanir verða varla þær síðustu. Gríðarlegir þungaflutningar, vinnubúðir og annað rask yrði af þeirri stærðargráðu að af öryggissjónarmiðum ætti slíkt alls ekki heima nálægt mannbústöðum.

Að því er virðist hefur engin stefnumótun farið fram í sveitarstjórn varðandi nýtingu vindorku í sveitarfélaginu og virðist sem einungis sé verið að bregðast við beiðnum frá þessum tveimur framkvæmdaaðilum. Það má einnig leiða líkum að því að það muni ekki verða Dalabyggð sem hagnast af þessum vindorkuvirkjunum heldur einungis framkvæmdaaðilar sjálfir. Erfitt er að koma auga á hag sveitarfélagsins og hefur hann hvergi verið rökstuddur í þeim gögnum sem ég hef komist yfir. Ég tel að hér verði gífurlegum hagsmunum fórnað fyrir hagnað einkaaðila og er sannfærð um að yfirvofandi sé stórslys á landsvísu þar sem fjársterkir aðilar kaupa nú upp jarðir víða um land í þessum tilgangi. Dalabyggð á að sýna það hugrekki og framsýni að varðveita sveitina sem er það verðmætasta sem þetta samfélag á. Þið sem sveitarstjórn getið orðið Sigríður í Brattholti okkar tíma og stoppað þetta. Þegar allar sveitir landsins verða orðnar yfirfullar af vindorkuvirkjunum þá stendur Dalabyggð eftir ósnortin. Það verður ykkar minnisvarði og okkar allra fjársjóður.

Ég vil að lokum skora á ykkur að hefja samtal við okkur, íbúa, hagsmunaaðila og aðra velunnara Dalanna og hætta að stilla okkur upp á móti framkvæmdaaðilum. Ég tel það miklu betri nýtingu á tíma og kröftum okkar að vinna með ykkur heldur en á móti. Ég trúi á sjálfbæran vöxt samfélagsins í Dölum og er sannfærð um að hægt yrði að búa til öflugan hóp eða nokkurs konar bakvarðasveit skipaða velunnurum Dalanna sem hefði það hlutverk að vinna hugmyndavinnu og aðstoða við að hrinda góðum hugmyndum í framkvæmd með það að markmiði að efla mannlíf í Dölum á þann hátt að jafnvægi ríki á milli umhverfis, efnahags, samfélags og menningar. Ég lýsi mig hér með reiðubúna til þess að standa að stofnun slíks hóps í samvinnu með sveitarstjórn.

Virðingarfyllt,

---

Steinunn M. Sigurbjörnsdóttir, Vígholtsstöðum, s. 820 2042